

Skólaráðsfundur 17. okt 2016 kl. 15

Í skólaráði Hrafnagilsskóla veturinn 2016 - 2017 sitja:

Adda Bára Hreiðarsdóttir, fulltrúi foreldra
Auður Thorberg Jónasdóttir, fulltrúi foreldra
Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri
Dagmar Þóra Sævarsdóttir, fulltrúi kennara
Margrét B. Aradóttir, fulltrúi starfsmanna
María Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara
Jóhann Ólafur Halldórsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins
Aldís Lilja Sigurðardóttir, fulltrúi nemenda
Gunnar Smári Ármannsson, fulltrúi nemenda

Á fundinn mættu: Hrund, Jóhann Ólafur, Auður Thorberg, Adda Bára, Gunnar Smári, Aldís Lilja og María.

- Kynning á skólanámsskrá: Umræður og breyting á orðalagi.
- Starfsáætlun: Kynnt á næsta fundi.
- Heimanám: Mikil umræða hefur verið um heimanám sumum finnst að það eigi að sleppa því alveg, aðrir segja að þetta sé passlegt og enn aðrir vilja meira heimanám. Hrund kynnti punkta frá kennurum þar sem kemur fram nauðsyn þess að lesa heima 5 sinnum í viku (fæstir foreldrar túlka heimalestur sem heimanám). Aldís og Gunnar ræddu um að þeim finnist vanta að kennarar tali meira saman, stundum mikil verkefnaskil og mörg próf á stuttum tíma og rólegt á milli. Við vorum sammála um nauðsyn þess að læra heima þar sem verið er að undirbúa unglingana okkar fyrir framhaldsskóla. höldum að þessi umræða um heimanám snúist mest að yngsta stigi. Teljum nauðsynlegt að kennarar á hverju stigi séu samstíga.
- Skólaferðalag í 10.bekk: Hrund kynnti fyrir okkur viðmiðunarreglur sem hefur verið unnið eftir frá því að hraðbraut varð til við MA. Þessar reglur voru fyrst munnlegar en fyrir tveimur árum voru þær formgerðar sem verklagsreglur. Þær eru kynntar nemendum og foreldrum 9. bekkjar í febrúar ár hvert þegar 9. bekkur byrjar söfnun fyrir skólaferðalag. Skólaráð var sammála um að krakkar sem taka þá ákvörðun að fara t.d í krílabekk MA eru komin í annað skólasamfélag og fá þar af leiðandi ýmislegt annað í staðin. Þau vita þegar þau taka þessa ákvörðun að þau fara ekki í skólaferðalagið með 10.bekk, þetta er hluti af ákvörðuninni. Skólaferðalagið er á skólatíma og er hluti af lögbundnum nemendadögum. Nemendur sem farnir eru úr skólanum en búa ennþá í sveitarfélaginu mega mæta í félagsmiðstöðina. Þeim er boðið á hátíðarkvöldverðinn og fleira sem er ekki er á skólatíma og er hluti af félagsstarfi hópsins. Skólaráðið er sátt við þessar viðmiðunarreglur.

Fundargerð ritaði
Adda Bára Hreiðarsdóttir